

AUGLÝSING

um aðild Íslands að alþjóðahveitisamningnum frá 1962.

Aðildarskjal Íslands að alþjóðahveitisamningnum frá 1962 var afhent utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna hinn 10. september 1963, og telst aðild Íslands að samningnum frá þeim degi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 25. september 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

2. október.

Nr. 14.

AUGLÝSING

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) nr. 111 er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

Hinn 29. júlí 1963 var fullgildingarskjal Íslands að samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, (ILO), nr. 111, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, afhent framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf.

Ofangreind samþykkt, sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gengur í gildi, að því er Ísland varðar, hinn 29. júlí 1964.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 2. október 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

Samþykkt (nr. 111), er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

Convention Concerning Discrimination In Respect Of Employment And Occupation.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem stjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 42. sinni þann 4. júní 1958, og með því að það hefur fallist á tilteknar bendingar um misrétti á sviði atvinnu og starfs, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, og ákveðið, að þessar bendingar skyldu færðar í form alþjóðasamþykktar, og með

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Forty-second Session on 4 June 1958, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to dis-